

Kerlingin í hönd- um Leikfélags Vestmannaeyja

Leikfélag Vestmannaeyja, frumsýnir í kvöld leikritið Ertu nú ánægð kerling, en leikritið byggist upp á fjórum þáttum eftir Lars Levi Larslatus og einum þætti eftir Svövu Jakobsdóttur. Tónlistin í leikritinu er eftir G.E. Dander, Megas og Sigurð Rúnar Jónsson. Leikstjóri er Guðrún Alfreðsdóttir og söngstjóri Sigurður Rúnar Jónsson. Leikmynd gerði Magnús Magnússon.

Ertu nú ánægð kerling er þriðja verkefni Leikfélags Vestmannaeyja í vetur og verkefni nr. 99 frá upphafi en mikil gróska er nú í

leikstarfsemi í Vestmannaeyjum.


Auk þessa þriggja sýninga LV í vetur hafa Eyjamenn fengið í heimsókn Leikbrúðuland, Alþýðuleikhúsið og Þjóðleikhúsið.

Í Kerlingunni eru II kvenhlutverk og tvö karlhlutverk. Margt nýtt fólk tekur nú þátt í leikstarfseminni í Vestmannaeyjum, ungt og áður óþekkt leiklistarfólk. Í sýningunni leikur tríó tónlistina og er tríóið skipað Sigurði Rúnari Jónssyni, Ævari Kvaran og Sigurði Þórarinssyni.

Næstu sýningar á Kerlingunni í Eyjum verða á sunnudag kl. 8.30 og á þriðjudag á sama tíma.



Leikarar og leikstjóri og sviðsmenn Leikfélags Vestmannaeyja í Kerlingunni.



Þorsteinn Sigurðsson, formaður Kiwanisklúbbsins Elliða, afhendir Pétri Sigurðssyni, formanni Sjómannadagsráðs, hina góðu gjöf Kiwanismanna.

Kiwanismenn færa Hrafnistu góða gjöf

HRAFNISTU í Hafnarfirði barst nýverið góð gjöf frá Kiwanisklúbbum Elliða í Reykjavík. Var þar um að ræða annars vegar hreyfanlegt tæki til súrefnisgjafar í neydartilfellum og hins vegar hitakassa til notkunar í heilsurækt heimilisins, en það eru sérstaklega gerðir kassar fyrir púða sem lagðir eru m.a. við liðamót sem þurfa hreyfingu og liðkun undir handleiðslu og með

hjálp sjúkráðgjafara eða nuddara.

Einnig hefur Hrafnistu borizt fjöldi annarra góðra gjafa að undanfögnu, m.a. færði Kvenfélagið Hrud í Hafnarfirði heimilinu þrjónavél og Sjálfstæðisfélagið Vorboðinn færði því saumavél. Þá færði Oliver Steinn bóksali heimilinu nýverið fjölda nýrra bóka til minningar um föður sinn og bróður.


Hefur einhver fundið ljósbrúna skjalatösku?

SKÖMMU fyrir hádegi í gær varð ung kona fyrir því óláni að gleyma ljósbrúnni „hard-back“ skjalatösku fyrri utan Klapparstíg 9. Hún var að sækja þangað barnið sitt og lagði töskuna frá sér á gangstéttinni en gleymdi henni óvart. Konan er við háskólanám og í töskunni voru ritgerðir og annað efni, sem konan hafði lagt margra mánaða vinnu í. Það eru tilmæli lögreglunnar að skilvis finnandi

komi töskunni á lögreglustöðina eða hringi í konuna í síma 16241.

Merkjasala ljósmæðra

HIN árlegi merkjasöldudagur Ljósmæðrafélags Reykjavíkur verður á morgun, sunnudag. Merkin verða afhent sölubörnum á tveimur stöðum í bænum, í Langholtsskóla og Álftamýrarskóla.



Þorbjörg Þórðardóttir sýnir taubrykk, sem hugsað er í gluggatjöld, áklæði, púða og fleira í þeim dúr. Mynstrin hefur Þorbjörg kallað „Laufórar“.

Fjölbreytt sýning Textílfélagsins

ÞESSA dagana stendur yfir í Norræna húsinu sýning 17 félaga í Textílfélaginu. Sýning þessi er hin fjölbreyttasta og þar getur að líta taubrykk, fatahönnun, vélavefnað, almennan vefnað og myndvefnað. Má segja að sýningin sé hvort tveggja í senn, listsýning og listiðnaðarsýning. Mbl. ræddi við þrjár listakonur, sem sýna á sýningunni, Ásgerði Búadóttur, Salóme Fannberg og Þorbjörgu Þórðardóttur, og það þær að segja lítillega frá félaginu og sýningunni.

Textílfélagið var stofnað í október 1974, en þetta er fyrsta íslenska samsýning þess. Árin 1976 til 1977 tóku fimm félagar Textílfélagsins þátt í farandsýningunni „Nordisk textiltiennale“ (Norræn vefjalist), sem sett var upp á Kjarvalsstöðum.

Alls er 21 félagi í félaginu og allt konur. Skilyrði fyrir innngöngu í félagið er að hafa lokið textíl-námi frá viðurkenndum listaskólum og listiðnaðarskólum. Skal samanlagður námstími í textílgreinum hafa verið þrjú ár. Sjálfsmenntun kemur einnig til greina.

Orðið textíl er dregið af latneska orðinu „texere“ og þýðir nánast fléttun. Ekkert sambærilegt orð er til í íslensku, en orðið vefjalist hefur oft verið notað yfir þessa listgrein.


Tilgangur sýningarinnar er að sýna það nýjasta sem félagsmenn eru að fást við. Myndvefnaður er ríkjandi á sýningunni og þar er unnið með mismunandi aðferðum og efnum og túlkunarmátinn ólíkur. Taubrykkið er ný listgrein og hefur ekki oft sést hér á sýningum. Fatahönnunin

er einnig nýjung á sýningunni í því formi sem hún er þar. Hafa tveir textíl-hönnuðir haft samvinnu um fatahönnunina og bjó annar til efnið en hinn gerði sniðið.

Sýningu Textílfélagsins lýkur á mánudagskvöld en hún er opin frá 14 til 22 alla daga.



„Ég get ekki flokkað list mína. Ég er mikið með þrívíddarmyndir og þang og söl nota ég mikið í verkum mínum. Mér finnst gaman að þessu, ég tíni þau niðri í fjöru og ég veit ekki um neina aðra sem notar þang í verk sín,“ sagði Salóme Fannberg. „Ég var svolítið hrædd við að sýna þetta, en ég held að fólki hafi líkað verkin vel. Ég lærði á Spáni, en ég sé engin spánsk áhrif í myndunum. Tæknina lærir maður auðvitað í sínum skóla en viðfangsefnið er alltaf íslenskt.“



„Þegar búið er í landi eins og Íslandi, fer ekki hjá því að maður verði fyrir áhrifum af náttúrunni. Ég túlka þau áhrif sem ég verð fyrir í vefinn á óhlutbundinn hátt, ... eldinn — umbrotin — ísinn — og alls staðar rýkur upp úr jörðinni,“ sagði Ásgerður Búadóttir.